

Ályktun frá landssambandi heilbrigðisstofnana

Heilbrigðisstofnanir hafa tekið á sig mikinn niðurskurð undanfarin ár og því lítill sem enginn farvegur til þróunar eða eflingar starfsemi heilbrigðisstofnana. Allar aðgerðir hafa miðað að því að verja þjónustuna og tryggja öryggi sjúklinga og starfsmanna.

Starfsmenn hafa sýnt mikið umburðalyndi undanfarin ár en nú er farið að bera á vaxandi óánægju, óþolinmæði og uppgjöf hjá þeim. Það sýnir sig helst í þeirri kjarabaráttu lækna sem nú á sér stað, flóttu heilbrigðisstarfsmanna frá landinu og lítilli endurnýjun innan heilbrigðisstétta. Staðan er grafalvarleg og mun skaða heilbrigðisþjónustuna í landinu ef ekkert verður að gert. Mikilvægt er að staða heilbrigðisstarfsmanna sé samkeppnishæf við það sem gengur og gerist erlendis en þannig er frekar hægt að tryggja að þekking og kunnátta íslenskra heilbrigðisstarfsmanna nýtist skjólstæðingum heilbrigðisstofnana sem best.

Landsamband heilbrigðisstofnana hvetur stjórnvöld til að tryggja heildarstefnu í heilbrigðismálum til framtíðar og að fjármagn fylgi verkefnum svo hægt sé að tryggja öryggi í þjónustu við sjúklinga, laða að og halda í hæft heilbrigðisstarfsfólk.